

STAFRÆNT RÁÐ

Ár 2026, 14. janúar var haldinn 65. fundur stafræns ráðs. Fundurinn hófst í Hofi, Hafnartorgi kl. 13:30. Eftirtalin voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Björn Gíslason, Einar Sveinbjörn Guðmundsson, Friðjón R. Friðjónsson og Kristinn Jón Ólafsson.

Jafnframt eftirtalið starfsfólk þjónustu- og nýsköpunarsviðs: Eva Pandora Baldursdóttir og Þröstur Sigurðsson. Sólveig Skaftadóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara, dags. 18. desember 2025 um kosningu í stafrænt ráð 16.12.2025. MSS22060158.
2. Lögð fram að nýju tillaga stafræns ráðs, sbr. 4. lið fundargerðar ráðsins frá 26. nóvember 2025, um aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar, dags. 17. nóvember 2025. Lagt er til að tillagan verði samþykkt. PON25110033.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í samstarfssáttmála samstarfsflokka frá 21. febrúar 2025 er kveðið á um eftirfarandi: „Við viljum efla samstarf við ríki og önnur sveitarfélög um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar.“ Hér er verið að stíga skref í þessa átt með því að formgera og efla samstarf borgarinnar við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög um stafræn mál. Það er mikilvægt skref til framtíðar að efla samstarf opinberra aðila á milli og möguleikar á hagræði í því samhengi eru miklir.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja tillögu um aukið og formlegt samstarf Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar. Slík samvinna getur skilað verulegum ávinningi, dregið úr tvíverknaði, aukið samræmi í þjónustu og styrkt sveitarfélögin gagnvart ríkisverkefnum og sameiginlegum stafrænum innviðum. Þó bendum við á að brýnt sé að samspil ákvörðunartöku og kostnaðar verði skýrara áður en skuldbindingar borgarinnar aukast. Til að tryggja eðlilegt jafnvægi þarf skýra stjórnskipan, gagnsæja kostnaðarskiptingu og reglur um fjármögnun breytinga og viðbótarkrafna. Það er forsenda þess að samstarfið verði bæði sanngjarnt og sjálfbært til lengri tíma.

3. Lagt fram 9 mánaða uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs 2025. PON22080032.
- María Björk Hermannsdóttir tekur sæti undir þessum lið.
4. Lögð fram samantekt funda verkefnaráðs þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir 11. september til 4. desember 2025. PON20060042.
5. Lögð fram ný gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands. MSS25120030.
6. Lögð fram ný stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030. MSS25110035.

Vísað til meðferðar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Fundi slitið kl. 14:35

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Björn Gíslason
Friðjón R. Friðjónsson

Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir
Einar Sveinbjörn Guðmundsson
Kristinn Jón Ólafsson